

Forseti Alþingis, Steingrímur J. Sigfússon,

Síðastliðið vor hleyptu Patagonia og WeMove af stað undirskriftarsöfnun með stuðningi íslenskra náttúruverndarsamtaka, sem meðal annars var beint til Alþingis. Þar birtist þessi áskorun:

„Til stjórnvalda og þingmanna þjóðþinga Íslands, Noregs, Skotlands og Írlands: við sem áhyggjufullir borgarar í Evrópu skorum á ykkur að stöðva eyðingu villtra fiskistofna og nálægðs lífríkis af völdum laxeldis í opnum sjókvíum. Við hvetjum ykkur til að stöðva strax útgáfu leyfa fyrir nýjum opnum sjókvíeldisstöðvum og setja fram skuldbindandi áætlun um að nema þegar útgefin leyfi úr gildi í áföngum.“

(<https://you.wemove.eu/campaigns/stop-europe-s-dirty-fish-farms>)

Um 180 þúsund manns hafa nú skrifað undir áskorunina sem sýnir útbreiddan stuðning almennings við að opnu sjókvíaeldi verði hætt.

Djúpstæðar áhyggjur eru af skaðlegum áhrifum opins sjókvíaeldis á viðkvæmt lífríki strandsvæða og villta laxa- og urriðastofna. Fyrir liggur að sjókvíaeldisiðnaðurinn glímir við viðvarandi vanda vegna sníkjudýra og sjúkdóma, sem hefur farið versnandi vegna sveiflna á sjávarhita af völdum loftslagsbreytinga.

Á það hefur verið bent, meðal annars af sérfræðingi Hafrannsóknastofnunar, að hvergi í heiminum eru betri aðstæður fyrir landeldi en á Íslandi. Þar að auki eru að verða miklar tækniframfarir þegar kemur að lokuðum sjókvíum og úthafskvíum.

Hreinir og óspilltir firðir Íslands ásamt heilbrigðum og sterkum urriða- og laxastofnum eru ómetanleg verðmæti sem verður að vernda fyrir komandi kynslóðir.

Með erindi þessi þökkum við fyrir tækifærið til að funda með þér og afhenda undirskriftirnar þann 18. nóvember næstkomandi.

Patagonia  
Icelandic Wildlife Fund  
Verndarsjóður villtra laxastofna (NASF)  
Landssamband veiðifélaga  
Landvernd  
Náttúruverndarsamtök Íslands  
Laxinn lifir